

RANNSÓKNARAÐFERÐIR OG TÖLFRÆÐI I

E-114-RATO



Ár: 1. ár.

Önn: Haustönn.

Tegund námskeiðs: Skylda (kjarnanámskeið).

Undanfarar: Engir.

Skipulag: 4 stundir á viku í 12 vikur.

Kennari: Þorlákur Karlsson.

Lýsing: Fjallað verður um hlutverk og mikilvægi rannsókna í sálfræði og farið yfir helstu þætti í rannsóknarferlinu. Einnig verður fjallað um uppbyggingu rannsókna og um helstu rannsóknaraðferðir í sálfræði með sérstakri áherslu á tilraunir. Í hverri aðferð fyrir sig er ýtarleg krufning á uppbyggingu og hefðum hennar og þeim tókum sem aðferðin er tekin. Þá er lögð áhersla á að nemendur þekki til mælinga og söfnun gagna, svo og tölfræðiúrvinnslu og framsetningu niðurstaðna. Nemendur læra á SPSS-hugbúnaðinn sem er mjög algengur við tölfræðiúrvinnslu niðurstaðna úr rannsóknum. Þá er lögð áhersla á gerð og vinnslu raunhæfs verkefnis.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

Þekking

- Lýst hlutverki sálfræðirannsókna í sköpun þekkingar.
- Skrifað um styrkleika og takmarkanir helstu rannsóknaraðferða.
- Borið saman gildi mismunandi rannsóknaraðferða.

Leikni

- Rökstutt hvaða rannsóknaraðferð dugar best við mismunandi úrlausnarefni.
- Reiknað helstu gildi miðsækni og dreifingar, sem og reiknað fylgni og einföld ályktunar-tölfræðiþróf.
- Túlkað sömu gildi, fylgni og ályktunarþróf.
- Metið rannsókn eftir aðferð hennar við gagnaöflun og úrvinnslu.

Hæfni

- Skipulagt og framkvæmt rannsókn við sköpun þekkingar.
- Unnið úr niðurstöðum rannsóknar með SPSS og greint frá þeim í skýrslu sem hefur að geyma helstu meginkafla vísindagreinar.

Námsmat: Verkefni, skyndiþróf og lokapróf.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræðu- og dæmatímar.

Tungumál: Íslenska.

ECTS: 6.